

**Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd**
Sendandi: **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið**
Dagsetning: **17.12.2018**
Málsnúmer: **SRN18010108**
Bréfalykill: **3.7**

Efni: **Samgönguáætlun 2019-2033**

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 23.10.2018, um samgönguáætlun, var óskað eftir að ráðuneytið útvegaði nefndinni eftirfarandi gögn:

a) Minnisblað þar sem fram kemur samanburður á forgangsröðun landshlutasamtaka á samgöngumálum og forgangsröðun samgönguáætlunar.

b) Minnisblað um aðgerðir til þess að draga úr álagi á vegum ásamt kostnaðarmati á því hvað það kostar að bifreiðar sem eru þyngri en burðarþol vega gerir ráð fyrir, fari um þá.

Meðfylgjandi er minnisblað um samanburð á forgangsröðun landshlutasamtaka á samgöngumálum og forgangsröðun samgönguáætlunar.



Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri
Skrifstofa samgangna, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík



Reykjavík, 22. nóvember 2018
Tilvísun: 2018100062
VTH/
Tilv. ykkar:

Efni: Forgangsröðun landshlutasamtaka vegna samgönguáætlunar 2019-2033

Óskað er eftir minnisblaði þar sem fram kemur samanburður á forgangsröðun landshlutasamtaka á samgöngumálum og forgangsröðun samgönguáætlunar 2019-2033.

Hér fyrir neðan er lýst helstu áherslum landshlutasamtakanna varðandi vegi, brýr, sjóvarnir og hafnir og hvar viðkomandi verkefni er í tillögum til þingsályktunar um 5 og 15 ára samgönguáætlun.

Flest landshlutasamtökin telja að auka þurfi fjármagn til þeirra svo hægt verði að reka almenningsamgöngur án halla. Stuðla þurfi að betra almenningsamgöngukerfi.

Talið var einfaldast að setja samanburðinn fram í eftirfarandi töflum, en fjöldi verkefna á hverju svæði er mjög mikill.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)

Verkefni	Skoðun landshlutasamtaka	Tímasetning samgönguáætlunar
Vesturlandsvegur á Kjalarnesi	Í forgangi og óhjákvæmilegt vegna aukinnar umferðar og öryggis vegfarenda	2019-2022
Hringvegur um Borgarnes	Tillaga er um að teknar verði upp viðræður við sveitarstjórn Borgarbyggðar um endurskoðun á nýtingu þess fjármagns sem er til endurbóta á Þjóðvegi 1 um Borgarnes og setja í önnur verkefni s.s. lagningu slitlags á tengivegi í héraðinu.	2029-2033
Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði	Brýnt að ljúka	Framkvæmdir hefjast 2018 og lýkur á árinu 2019
Sundabraut	Skorað á ríki og Reykjavíkurborg að hefja undirbúning að lagningu Sundabrautar	Ekki fjárveiting, en verið er að skoða kosti þess að gerð Sundabrautar verði samstarfsverkefni ríkis og einkaaðila
Tvöföldun Hvalfjarðarganga	Óhjákvæmilegt að fara í tvöföldun Hvalfjarðarganga á næstu árum	Ekki fjárveiting, en tilgreint að leitað verði leiða til að fjármagna í samstarfi við einkaaðila
Uxahryggjavegur	Brýnt að ljúka framkvæmdum eigi síðar en 2020	2024-2028
Tengivegir	Forgangsröðun m.t.t. umferðar og mikilvægis. Áhersla á að bundið slitlag verði komið á alla tengivegi í byggð fyrir 2029	Forgangsröðun er byggð á umferðartölum og einnig á því hvort virk atvinnu- eða skólasókn er um vegina.
Hringvegur, Hvalfjarðargöng-Borgarnes	Ætti að hefjast þegar framkvæmdum við Vesturlandsveg á Kjalarnesi er lokið og tvöföldun Hvalfjarðarganga	2.000 m.kr. 2024-2028 2.000 m.kr. 2029-2033
Snæfellsnesvegur um Skógarströnd	Brýnt að hefja framkvæmdir og setja bundið slitlag á þann hluta vegarins sem er með undirbyggingu	450 m.kr. 2024-2028 650 m.kr. 2029-2033 Framhald eftir 2033
Snæfellsnesvegur um Álftafjörð	Hefja undirbúning að þverun Álftafjarðar	Ekki hafið, en verður skoðað í tengslum við frumhönnun á Snæfellsnesvegi um Skógarströnd
Hafnamál	Mikilvægt að samgönguáætlun geri ráð fyrir framlagi til verkefna í höfnum Snæfellsbæjar, Grundarfjarðar og í Stykkishólmi	Ýmsar hafnarframkvæmdir eru á áætlun á þessum stöðum á árunum 2019-2023

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)

Verkefni	Skoðun landshlutasamtaka	Tímasetning samgönguáætlunar
Bíldudalsvegur	Setja í forgang, ljúka um leið og Dýrafjarðargöng, 2020	2.500 m.kr. 2024-2028 1.900 m.kr. 2029-2033
Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði	Setja í forgang, ljúka um leið og Dýrafjarðargöng, 2020	1.800 m.kr. 2020-2023 3.500 m.kr. 2024-2028
Vestfjarðavegur um Gufudalssveit	Hefja framkvæmdir strax	6.700 m.kr. 2019-2022
Innstrandarvegur	Halda áfram uppbyggingu	Gert ráð fyrir fjármagn komi úr „tengivegir, bundið slitlag“. Einn kafli er á áætlun 2023.
Strandavegur um Veiðileysuháls	Hefja framkvæmdir strax	400 m.kr. 2022-2023 300 m.kr. 2024-2028
Djúpvvegur í Hestfirði og Seyðisfirði	2019-2022	Í framkvæmd 2018-2019
Djúpvvegur um Hattardalsá	2019-2022	2021
Djúpvvegur um Súðavíkurlíð	Úrbætur nauðsynlegar vegna ofanflóðahættu	Málið í skoðun og innistæða frá fyrra ári til framkvæmda að hluta.
Jarðgöng		
Álftafjarðargöng	Flokkur I: Ætti að fara í framkvæmd 2019-2021	Rannsóknir eru í gangi. Ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til framkvæmda
Kollagötugöng (Dynjandisheiði)	Flokkur I: Ætti að vera hluti af útfærslu vegagerðar um Dynjandisheiði	Ekki gert ráð fyrir jarðgöngum vegna vegar um Dynjandisheiði
Arnarfjörður-Tálknafjörður	Flokkur II: Þarf að skoða hvaða jarðgangakostir séu í stöðunni	Ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til framkvæmda á þessum jarðgöngum.
Vestfjarðagöng	Flokkur II: Breikka einbreiðu göngin	
Klettsháls	Flokkur II	
Árnesgöng	Flokkur III	
Kleifaheiði	Flokkur III	
Mikladalur	Flokkur III.	
Ennisháls	Flokkur III. Kanna hvort þörf sé á göngum.	
Breikkun brúa		
Brú í botni Tálknafjarðar		Þessar brýr sem eru nefndar eru á forgangslistum Vegagerðarinnar yfir brýr sem þarf að breikka. Þær komast þó ekki í efstu 20 sætin á þeim lista. Forgangslistinn er reiknaður m.t.t. ástands, burðargetu, aldurs, umferðar og fjölda slysa
Brú í Kollafirði, Skálmafirði, Vattarfirði og Önundarfirði á Vestfjarðavegi		
Brú í Kollafirði á Innstrandarvegi		
Viðhald	Auka þarf fjármuni í viðhald. Ákveðnir vegir nefndir í því sambandi	Gert er ráð fyrir 10 milljörðum á ári til viðhalds á árunum 2019-2023 sem er hærra en verið hefur

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)

Verkefni	Skoðun landshlutasamtaka	Tímasetning samgönguáætlunar
Vatnsnesvegur um Tjarnará	2018-2019	2018-2019
Þverárfallsvegur, Hringvegur-Laxá	2019-2020	Er nú í ferli vegna mats á umhverfisáhrifum. Gert ráð fyrir framkvæmdum á árunum 2021-2022
Viðhald	Auka þarf fjármuni í viðhald. Ákveðnir vegir nefndir í því sambandi	Gert er ráð fyrir 10 milljörðum á ári til viðhalds á árunum 2019-2023 sem er hærra en verið hefur.
Uppbygging tengivega	Gerð krafa um fasta árlega fjárhæð til uppbyggingar tengivega í landshlutanum	Gert er ráð fyrir fjárveitingum vegna Reykjastrandarvegar og Vatnsnesvegar á árunum 2021-2023 í fimm ára tengivegaáætlun.
Jarðgöng	Hefja rannsóknir á hagkvæmi þess að grafa jarðgöng í gegnum Tröllaskaga milli Hofsdals og Barkárdals	Ekki tilgreint í samgönguáætlun
Hafnir		
Sauðárkrókshöfn	Dýpka þarf snúningssvæði innan hafnar. Endurnýja þarf gömul stálþil. Vinna þarf undirbúningsrannsókn vegna stækkunar hafnar	Ekki tilgreint í samgönguáætlun
Skagastrandarhöfn	Endurbygging Ásgarðs og gerð smábátahafnar	Framkvæmdir við smábátahöfn eru í gangi 2018 og áætlað að ljúki 2019. Endurbygging Ásgarðs á áætlun 2021-2023
Hofsós	Endurgerð norðurgars	Ekki tilgreint í samgönguáætlun
Sjóvarnir		
Skagabyggð	Við Krók og Kálflamarsnes	2020

Eyþing, Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum

Verkefni	Skoðun landshlutasamtaka	Tímasetning samgönguáætlunar
Dettifossvegur	Ljúka árið 2019	2019-2021
Norðausturvegur um Brekknaheiði	Mikilvægt sem fyrst	2023-2026
Norðausturvegur á Langanesströnd	Mikilvægt sem fyrst	2019-2021 (í tengivegaáætlun)
Einbreiðar brýr	Í Eyþingi eru 24 einbreiðar brýr á vegarköflum sem hafa hámarkshraða 90 km/klst sem þarf að endurnýja. Sérstaklega tvær á Skjálfandafljóti og á Jökulsá á Fjöllum	Norðausturvegur um Skjálfandafljót: 2024-2028 Hringvegur, Jökulsá á Fjöllum: 2024-2028 Hringvegur um Skjálfandafljót: 2029-2033 Auk þessara brúa eru fleiri brýr í landshlutanum á forgangslista Vegagerðarinnar
Viðhald	Auka þarf fjármuni í viðhald. Ákveðnir vegir nefndir í því sambandi	Gert er ráð fyrir 10 milljörðum á ári til viðhalds á árunum 2019-2023 sem er hærra en verið hefur
Norðausturvegur um Skjálfandafljót	Sem fyrst	2024-2028
Eyjafjarðarbraut vestri	Færa þarf veginn sem er í gegnum byggðakjarnann að Hrafnagili niður fyrir byggðina	Vinna við frumhönnun er í gangi. Framkvæmdin er ekki í samgönguáætlun.
Hörgárdalsvegur	Sem fyrst	2021
Gatnamót á Hringvegi við Ólafsfjarðarveg		2029-2033
Hafnir	Uppbygging vegna Dysneshafnar	Ekki í samgönguáætlun 2019-2023

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Verkefni	Skoðun landshlutasamtaka	Tímasetning samgönguáætlunar
Jarðgöng milli Seyðisfjarðar og Héraðs	Forgangsverkefni í jarðgangagerð á Austurlandi	2028-2033 og framhald eftir það
Jarðgöng milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar um Mjóafjörð	Þarf að fara í rannsóknir á öðrum gangakostum eftir að Fjarðarheiðargöngum er lokið	Fjarðarheiðargöng eru á áætlun 2028-2033. Verkefnishópur er að störfum sem skila á tillögu um hvernig hagkvæmast er að rjúfa einangrun Seyðisfjarðar sem um leið styrki samfélagið á Seyðisfirði og á Austurlandi í heild
Borgarfjarðarvegur	Klára að setja bundið slitlag	2019 og 2022-2023
Axarvegur	Mikilvægt að gera uppbyggðan veg	350 m.kr. 2024-2028 2.050 m kr. 2029-2033
Hringvegur um Suðurfirði	Mikilvægt sem fyrst	350 m.kr. 2024-2028 1.850 m.kr. 2029-2033
Norðausturvegur á milli Þórshafnar og Vopnafjarðar	Setja bundið slitlag á þennan veg	Um Langanesströnd er á tengivegaáætlun 2019-2021 og um Brekknaheiði er á áætlun 2023-2026
Upphéraðsvegur	Setja bundið slitlag	Framkvæmdir við Upphéraðsveg milli Teigabóls og Bolalækjar voru boðnar út í september 2018 og lýkur 2019. Einnig er gert ráð fyrir framkvæmdum á 5 km kafla árin 2029-2033. Þá ætti að vera komið bundið slitlag á allan veginn
Hlíðarvegur	Setja bundið slitlag	Stuttur kafli er á tengivegaáætlun árið 2020. 10 km kafli er í samgönguáætlun 2029-2033. Hlíðarvegur er rúmlega 70 km langur og er nú bundið slitlag á einungis 10 km
Hringvegur um Lagarfljót	Endurnýja brú	2024-2028
Hafnarvegur í Borgarfjarðarhreppi	Einbreiður og hættulegur vegur. Mikil ferðamannaumferð.	Er á tengivegaáætlun 2022-2023
Hafnir		
Seyðisfirði	Strandabakki. Angorbryggja og Bjólfsbakki	Framkvæmdir við endurnýjun Angorbryggju er á áætlun 2021-2022. Upphaf framkvæmda við Bjólfsbakka eru á áætlun 2023

SASS. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

Tekið er fram að samgöngunefnd SASS telur sig ekki hafa umboð til að setja eina framkvæmd frammar annarri. Þó er nefnt að ef eitthvað yrði dregið öðru frammar þá ætti að gera átak í fækkun einbreiðra brúa.

Verkefni	Skoðun landshlutasamtaka	Tímasetning samgönguáætlunar
Einbreiðar brýr	Forgangsmál að útrýma einbreiðum brúm	Ýmsar brýr á svæðinu eru á áætlun. Á Hringveginum frá Reykjavík og austur fyrir Jökulsárlón eru nú 14 einbreiðar brýr. Í lok ársins 2033 má gera ráð fyrir að þær verði eingöngu 2
Ný brú á Ölfusá	Í forgangi	2024-2028
Hringvegur, Selfoss-Hveragerði	Í forgangi	2019-2025
Lagfæra aðreinar og fráreinar	Til að auka umferðaröryggi	Unnið er að lagfæringu á stöðum þar sem mörg slys hafa orðið og umhverfi vega bætt
Láglendisvegur um Mýrdal	Mikilvægt að koma veginum í framkvæmd	Ekki fjárveiting, en tekið fram að leitað verði leiða til að fjármagna Hringveg um Mýrdal í samstarfi við einkaaðila
Hringvegur, Fossálar-Hörgsá	Veglína slæm, blindhæð og vegurinn mjór og með lélegt burðarþol	2024-2028
Hringvegur um Hornafjörð	Mikilvægt að koma í framkvæmd	2.330 m.kr. 2019-2023 2.170 m.kr. 2024-2028
Hringvegur um Lón	Styttir Hringveg og fækkar einbreiðum brúm	1.500 m.kr. 2029-2033, framhald síðar
Hringvegur í Örfasveit	Styttir Hringveg og fækkar einbreiðum brúm	2029-2033
Göng undir Lónsheiði	Styttir Hringveg og leysir af hólmi hættulegan veg um Hvalnes- og Þvottáskriður	Ekki í samgönguáætlun
Skeiða- og Hrunamannavegur	Setja bundið slitlag frá Einholtsvegi að Biskupstungnabraut	2019-2020
Skeiða- og Hrunamannavegur	Ný brú á Stóru-Laxá	2024-2028
Eyrbakkavegur	Hringtorg og undirgöng á mótum Eyrbakkavegar og Suðurhóla	Hringtorg á áætlun 2020. Óvíst með undirgöng
Hafnarvegur, Höfn	Nýr vegur austan við byggð	Ekki í samgönguáætlun
Landeyjavegur	Ný tenging yfir á Oddaveg með brú yfir Þverá	Framkvæmdir í gangi. Óljóst með lok framkvæmda
Reykjavegur	Áhersla á að framkvæmdin fari í útboð	2019-2021
Viðhald vega	Nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir á yfir 40 vegum tilgreindar	Gert er ráð fyrir 10 milljörðum á ári til viðhalds á árunum 2019-2023 sem er hærra en verið hefur.
Hafnir		
Höfn í Hornafirði	Sandfangari við Einholtskletta	2020-2021

Landeyjahöfn	Fjármagna rannsóknir og endurbætur til að bæta innsiglingu	Gert ráð fyrir fjárveitingum til Landeyjahafnar 2019-2023. Einnig Botndælubúnaður við Landeyjahöfn 2019
Vestmannaeyjar	Nauðsynlegt að bæta aðstöðu fyrir farþega og farartæki í landi. Einnig þörf á uppbyggingu á hafnarkanti norðan við Eiðið	Fjárveiting til styttingar Hörgaeyrargarðs 2019
Þorlákshöfn	Halda endurbótaverkefni áfram og stækkun hafnar	Endurbygging Svartaskersbryggju og Suðurvaragarðs og Suðurvarabryggju 2019-2023

Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum

Verkefni	Skoðun landshlutasamtaka	Tímasetning samgönguáætlunar
Reykjanesbraut, Fitjar-Flugstöð	Ljúka þarf þessum kafla vegna mikillar aukningar umferðar	1.000 m. kr. 2024-2028 2.500 m. kr. 2029-2033
Sandgerðisvegur	Mikilvægt að breikka	Ekki í samgönguáætlun, en gæti verið tekið af fjárveitingum til viðhalds
Stafnesvegur	Breikka þarf kaflann á milli Sandgerðis og Garðs og frá Sandgerði að Stafnesi	Ekki í samgönguáætlun, en gæti verið tekið af fjárveitingum til viðhalds
Garðsvegur	Þörf á viðhaldi slitlags	Ekki í samgönguáætlun, en verður tekið af fjárveitingum til viðhalds
Grindavíkurvegur	Brýnt að hefja undirbúning sem fyrst að lagningu 2+1 vegar	Framkvæmdir í gangi og lýkur árið 2019 fyrir kaflann frá Reykjanesbraut að Bláalónsvegi
Hjóla- og göngustígar	Forgangsaðhersla er á gerð hjóla- og göngustígs frá Sandgerði í Flugstöð. Einnig uppbyggingu stígs milli Garðs og Sandgerðis og Garðs og Reykjanesbæjar. Klára tengingar á stígum milli Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Voga	Ekki liggur fyrir endanleg áætlun vegna hjóla- og göngustíga, en reynt verður að koma þessum stígum inn í áætlanir á sama tíma og vilji sveitarfélaganna er til að fara í framkvæmdir
Sjóvarnir	Lögð áhersla á að Vegagerðin fylgist með ástandi sjóvarna og í samgönguáætlun verði gert ráð fyrir því fjármagni sem þarf til að tryggja að sjóvarnir séu í góðu ástandi	Ýmsar sjóvarnir í Grindavík, Sandgerði, Garði og Vogum eru í samgönguáætlun 2019-2023
Hafnir		
Helguvíkurböfn	Nauðsynlegt að tryggja fjármagn til uppbyggingar hafnarinnar	Lenging stálpils í Helguvík á áætlun 2019-2021
Grindavíkurböfn	Mikilvægt að klára framkvæmdir við Miðgarð	Dýpkun við Miðgarð á áætlun 2019-2020

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)

Verkefni	Skoðun landshlutasamtaka	Tímasetning samgönguáætlunar
Borgarlína	Óskað eftir viðræðum um samstarf á árinu 2017 og fjárhagslega aðkomu ríkisins vegna þessa verkefnis	Viðræður milli ríkis og SSH eru í gangi
Stofnvegaframkvæmdir sem ætti að fara í samhlíða uppbyggingu Borgarlínu	Stýrihópur SSH, Vegagerðarinnar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis setti fram tillögur í mars 2018.	Tekið var tillit til þessara tillagna við gerð samgönguáætlunar og eru öll þau verkefni sem nefnd eru í tillögum stýrihópsins í samgönguáætlun 2019-2033

Virðingarfyllst,

Valtýr Þórisson

